



HRUNAMANNAHREPPUR

11. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. APRÍL 2019

KL. 7.30 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 4. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 7:30 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Ársreikningur 2018: Fyrri umræða.**

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2018, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar. Sveitarstjórn þakkar Auðunni fyrir góða yfirferð.
- 2. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2018.**

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2018.
- 3. KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2018.**

Oddviti kynnti stjórnsýsluskoðun 2018 af hálfu KPMG.
- 4. Skólastjóri Flúðaskóla: Uppsagnarbréf.**

Oddviti kynnti uppsagnarbréf frá Guðrúnu Pétursdóttur skólastjóra sem hefur óskað eftir því að láta af störfum sem skólastjóri Flúðaskóla. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir skólastjóra í Flúðaskóla og felur sveitarstjóra og formanni skólanefndar að auglýsa eftir skólastjóra og stjórna ráðningarferlinu. Sveitarstjórn þakkar Guðrúnu fyrir góð störf í þágu sveitarfélagsins.
- 5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi: Seinni umræða.**

Oddviti kynnti breytingar á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi til seinni umræðu. Í breytingunum felst m.a. að sett er flokkunarskylda á fyrirtæki og eigendur frístundahúsa. Sveitarstjórn samþykkir samþykktina.
- 6. Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun.**

Oddviti kynnti erindi frá Jafnréttisstofu um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps gildir til næstu áramóta en sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að endurskoðun jafnréttisáætlunarinnar.
- 7. Jafnlaunavottun.**

Oddviti kynnti reglur varðandi jafnlaunavottun og þau tímamörk sem sveitarfélagið þarf að skoða í því sambandi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að hefja undirbúning að þeirri vinnu.
- 8. SASS: Sóknaráætlun Suðurland, áhersluverkefni um úrgangsmál.**

Oddviti kynnti vinnu við stöðumatsgreiningu vegna úrgangsmála á vegum sóknaráætlunar Suðurlands en beðið er um upplýsingar meðferð úrgangs. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu.
- 9. Orkuskipti á Kili: Erindi.**

Oddviti kynnti erindi frá ferðaþjónustuaðilum á Kili um stuðning við lagningu rafmagns- og ljósleiðarastreng á Kili. Óskað er eftir stuðningi Hrunamannahrepps við verkefnið að fjárhæð kr. 7.500.000. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu með því skilyrði að sveitarfélagið eigi kost á að tengjast stofnstrengnum án kostnaðar frá Árbúðum. Kostnaður vegna verkefnisins kallar á viðauka og breytingu á fjárhagsáætlun þannig að útgjöld

aukist um kr. 7.500.000 og verður mætt með lækkun á handbæru fé sveitarfélagins.

10. **SASS: Svæðisskipulag Suðurlandis.**

Oddviti kynnti hugmyndir um að hefja vinnu við svæðisskipulag Suðurlandis. Óskað er eftir því að Hrunamannahreppur skipti tvo fulltrúa í vinnuhóp vegna verkefnisins. Sveitarstjórn skipar þau Halldóru Hjörleifsdóttur og Jón Bjarnason í hópinn og til vara Sigurð Sigurjónsson.

11. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar.

12. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.

13. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.

14. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fiskeldi.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um fiskeldi.

15. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.

16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni.

17. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna.**

Oddviti kynnti bókun stjórnar sambandsins vegna áforma um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs. Sveitarstjórn tekur undir ályktun sem samþykkt var á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 29. mars s.l. og að staðið verði vörð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

18. **Hrunavegur: Áskorun.**

Oddviti kynnti áskorun um vegabætur á Hrunavegi frá ábúendum í Hruna og Ási. Sveitarstjórn tekur undir áskorunina og beinir því til Vegagerðarinnar að ráðast sem fyrst í umbætur á veginum.

19. **Byggðastofnun: Þjónustukort.**

Oddviti kynnti hugmynd Byggðastofnunar um þjónustukort fyrir allt landið og drög að samningi vegna verkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn og tilnefni ferðamálafulltrúa Uppsveita sem tengilið við verkefnið.

20. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 9. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Þá er ákveðið að halda íbúafund til að kynna ársreikning Hrunamannahrepps 2018 þriðjudaginn 14. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. **Ungmennaráð: Fundargerð 4. fundar frá 5. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar var farið yfir frumvarp um lækkun á kosningaaldri, kynning á vinnufundi um uppsveitarþing, skipulagður fundur ungmennaráðs með sveitarstjórn og ræddar almennar hugmyndir ungmennaráðs. Lagt fram til kynningar.

- 22. Heilsueflandi samfélag: Fundargerð 1. fundar stýrihóps frá 19. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag. Verkefnisstjóri verkefnisins kynnti sig og starfið framundan. Rætt um kynningu á verkefninu fyrir félögum og stofnunum í sveitarfélaginu og samþykkt að skipta verkefninu upp í áhersluþætti. Lagt er upp með að stýrihópurinn fundi einu sinni í mánuði. Lagt fram til kynningar.
- 23. Heilsueflandi samfélag: Fundargerð 2. fundar stýrihóps frá 27. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag. Fjallað var um hagsmunaaðila sem gætu komið að verkefninu, upplýsingar um verkefnið á landsvísu, rætt um göngu- og heilsustíga og heilsuskilti. Þá var farið yfir niðurstöðu könnunar varðandi lýðheilsuvísa og rætt um tímasetningar á undirskrift á samningi við Landlækni. Lagt fram til kynningar.
- 24. Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Flúðaskóla frá 14. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir verkefni á gátlista, tekin fyrir uppsögn skólaaksturs á einni aksturleið og ákveðið að auglýsa eftir aðila til að sinna henni. Þá var rætt um áætlun gegn einelti, skólareglur um farsímanotkun og kynnt vinna félags- og barnamálaráðherra við stefnumótun í málefnum barna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 25. Veitustjórn: Fundargerð 6. fundar frá 26. mars. s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar. Farið var yfir ársreikning Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss fyrir árið 2018 og þeir samþykktir. Gerð var grein fyrir styrkveitingum Fjarskiptasjóðs vegna ljósleiðaraverkefnisins, farið yfir stöðuna á uppsetningu á hreinsistöð fyrir neðan við Félagsheimilið og aðstöðuhús á Seyrustöðum. Þá var rætt um uppgjör vegna vatns- og fráveitu og farið yfir stöðuna á Kópsvatnsvirkjun. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 26. Umhverfisnefnd: Fundargerð 4. fundar frá 26. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar umhverfisnefndar. Rætt var um undirbúning varðandi val á umhverfisverðlaunum Hrunamannahrepps, farið var yfir áttak á eyðingu á njóla og kerfli og kynningu á áfangastaðaáætlun. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

- 27. Fundargerð 173. fundar skipulagsnefndar frá 13. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 6. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 173. fundar skipulagsnefndar frá 13. mars og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr.18: Hrafnkelsstaðir: Breytt notkun lóðar. Aðalskipulagsbreyting.
Lögð var fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr.123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan felur í sér breytingu á 2,5 ha svæði úr landi Hrafnkelsstaða 2, sunnan við Langholtsveg og vestast í þéttbýlinu á Flúðum. Landið er að mestu leyti ræktað. Aðkoma er um núverandi aðkomu frá Langholtsvegi nr. 341. Forsenda breytingarinnar er sú að lóðareigendur hafa hug á að byggja 10 íbúðarhús á suðurhluta lóðarinnar og óska eftir að 7000m² spilda úr landi lóðarinnar verði skilgreind sem íbúðabyggð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Skipulagfulltrúa er falið að senda skipulagstillöguna í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga til yfirferðar Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst.
Mál nr. 19: Efra-Langholt: Stækkun frístundasvæðisins Sunnuholt. Aðalskipulagsbreyting.
Lögð var fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr.123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags. 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan tekur til spilda úr landi Efra-Langholts, austan Langholtsvegar, við frístundasvæðið F16. Aðkoma að svæðinu er frá Langholtsvegi nr. 341. Svæðið sem um ræðir í landi Efra-Langholts er 10 ha að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Spilda þessi liggur að þegar skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni verður skilgreining á landnotkun svæðisins

breytt í frístundasvæði. Þar með myndast samfella með frístundasvæðinu F16 úr landi Efra-Langholts.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda skipulagstillöguna í samræmi við 3. mgr. 30. gr skipulagslaga til yfirferðar Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst.

Mál nr.20: Grafarbakki II: : Breytt notkun lóðar. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagalaga nr.123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Skipulags- og matslýsing hefur verið í kynningu frá 19.des. 2018 til 9. jan. 2019 og verið send Skipulagsstofnun til umsagnar og hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á tillögunni sem koma til móts við ábendingar stofnunarinnar. Lóðin Grafarbakki II spilda 1 liggur suðaustan Flúða. Aðkoma að henni er frá Hrunavegi nr. 344. Norðurhluti lóðarinnar Grafarbakki II spilda 1 er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreining á landnotkun norðurhluta lóðarinnar breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þar með eru svæði í þessum landnotkunarflokki orðin tvö í sveitarfélaginu. Það er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins að fjölga afþreyingarmöguleikum til þess að ferðamenn dveljist þar lengur.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda skipulagstillöguna í samræmi við 3. mgr. 30. gr skipulagslaga til yfirferðar Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst.

Mál nr. 21 Sandskarð: Breytt notkun lóðar. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan tekur til lóðarinnar Sandskarðs, sem er 11.485 m² að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi (L5) en þó innan þéttbýlismarka Flúða. Aðkoma að lóðinni er frá Langholtsvegi nr. 341. Landbúnaðarland innan þéttbýlisins hefur ekki verið flokkað en fyrirhugað svæði er að nokkru leyti ræktað land. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreining á landnotkun lóðarinnar breytt í íbúðabyggð. Gert verður ráð fyrir nokkuð sambærilegri byggð og nú þegar er við Vesturbrún (ÍB3) og þar með myndast samfella með skilgreindri íbúðabyggð við Vesturbrún (ÍB3). Gert er ráð fyrir að uppbygging verði heimiluð í samræmi við heimildir fyrir Vesturbrún þar sem heimil er blönduð íbúðabyggð í einbýlishúsum og raðhúsum á 1 hæð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda skipulagstillöguna í samræmi við 3. mgr. 30. gr skipulagslaga til yfirferðar Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst.

Mál nr. 22: Garðastígur 8B: Starfsmannaíbúðir. Breytt notkun lóðar. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan tekur til lóðarinnar Garðastígs 8B, sem verði skilgreind í aðalskipulagi sem íbúðabyggð. Staðsetning lóðarinnar er vestan flugvallar á Flúðum, á svæði sem í núgildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps er skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda skipulagstillöguna í samræmi við 3. mgr. 30. gr skipulagslaga til yfirferðar Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. mars.

28. Fundargerð 174. fundar skipulagsnefndar frá 27. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 20. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 174. fundar skipulagsnefndar frá 27. mars og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. mars.

29. Oddvitanefnd UTU: Fundargerð oddvitanefndar frá 27. mars. s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitanefndar UTU frá 27. mars s.l. Þar var rætt um verð í vinnu við undirstöður vegna aðstöðuhúss á Seyrustöðum þar sem kostnaður er áætlaður 49 millj., byggingarstjórn við húsbygginguna, ætlaðan heildarkostnað við byggingu hússins og atriði sem snúa að hreinsun seyru í sumar.

D-listi sjálfstæðismanna og óháðra harmar að ekki hafi verið boðin út byggingarstjórn á verkinu og sérstaklega að ekki hafi verið horft til hæfra einstaklinga í heimabyggð og að verkið hafi ekki verið boðið út í heild sinni þar sem kostnaðurinn er meiri en innkaupareglur sveitarfélagsins heimila og því hefði allt verkið átt að fara í útboð.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum við Landstólpa um vinnu við gerð undirstaða undir aðstöðuhúsið og Börk Brynjarsson um byggingarstjórn.

30. NOS: Fundargerð stjórnar frá 27. mars s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 27. mars. Þar var farið yfir ráðningu á forstöðumanni fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna en María Kristjánsdóttir hefur sagt upp. Þá voru ræddar hugmyndir um framtíðarskipulag þjónustunnar og bakvaktamál félagsþjónustunnar vegna samstarfs við lögregluna á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Sveitarstjórn þakkar Maríu góð störf fyrir byggðarsamlagið og samstarfið á liðnum árum.

31. Stjórn UTU : Fundargerð 60. fundar stjórnar frá 8. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 60. fundar stjórnar UTU. Þar var fjallað um starfsmannamál byggðasamlagsins og þá tillögu að tæknisviðshluti UTU verði hætt og samþykktir endurskoðaðar. Sveitarstjórn samþykkir að starfsemi tæknisviðsins verði hætt.

32. Stjórn UTU : Fundargerð 61. fundar stjórnar frá 13. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 61. fundar stjórnar UTU. Þar var fjallað um húsnaðismál embættisins, breytingar á byggingafulltrúa embættisins þannig að Davíð Sigurðsson verði byggingafulltrúi en Rúnar Guðmundsson verði áfram skipulagsfulltrúi og einnig byggingafulltrúi í forföllum. Þá voru önnur starfsmannamál rædd. Sveitarstjórn samþykkir að Davíð Sigurðsson verði byggingafulltrúi byggðasamlagsins og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

33. Stjórn UTU : Fundargerð 62. fundar stjórnar frá 27. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 62. fundar stjórnar UTU. Þar var fjallað um starfsmannamál. Lagt fram til kynningar.

34. Stjórn UTU : Fundargerð 63. fundar stjórnar frá 1. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 63. fundar stjórnar UTU. Þar var fjallað um starfsmannamál og lagðar til ákveðnar aðgerðir til að styrkja framkvæmdastjórn byggðasamlagsins þannig að formaður stjórnar verði tímabundið ráðinn í 40% starf sem framkvæmdastjóri. Sveitarstjórn samþykkir að formaður stjórnar verði ráðinn tímabundið í 40% starfshlutfall og fundargerðina að öðru leyti.

35. Bergisinn bs. Fundargerð aðalfundar frá 18. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Bergisans bs. frá 18. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 278. fundar stjórnar frá 11. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 544. fundar stjórnar frá 1. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Tónlistarskóli Árneshöfna. Fundargerð 192. fundar stjórnar frá 18. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- d. Íbúðarlánasjóður: Stofnframlög ríkisins vegna íbúða.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Upplýsingar um þjónustu við eldri borgara í Hrunamannahreppi.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 869. fundar stjórnar frá 15. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Ferðamálastofa: Styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna Hrunalaugar.**
Lagt fram til kynningar.
- h. EFS: Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Skipulagsstofnun: Viðauki við landsskipulagsstefnu.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Umboðsmaður Alþingis: Framsal ráðningarvalds í stjórnkerfi sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Samtök orkusveitarfélaga: Ársreikningur 2018.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Kerlingarfjallavinir: Ársreikningur 2018.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Reiðhöllin Flúðum: Aðalfundur og ársreikningur 2018.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- n. Opnunarhátíð Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á Laugarvatni 5. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands: 23. maí Hótel Selfoss.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Atvinnu- og menningarnefndir Uppsveita: Sameiginlegur fundur 11. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- q. Ársskýrsla Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018.**
Lánasjóður sveitarfélaga: Ársreikningur 2018.
- r. Lánasjóður sveitarfélaga; Ársreikningur 2018.**
Lánasjóður sveitarfélaga: Ársreikningur 2018.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:20.